



Jan. 2018

Sælir félagsmenn og gleðilegt nýtt ár með þökk fyrir það gamla.

Aðalfundur félagsins er nú í fyrsta sinn boðaður með rafrænum hætti í samræmi við breytingar á lögum félagsins um boðun aðalfundar.

Aðalfundur Ýmis 2018

Aðalfundur félagsins er fyrirhugaður **31. janúar 2018, kl. 20:00**. Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka þátt í mótun starfsins.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Setning.
2. Kosnir fastir starfsmenn fundarins.
3. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
4. Lagðir fram reikningar, áritaðir af skoðunarmönnum.
5. Nefndir gefa skýrslu, ef það á við.
6. Umræða um skýrslur. Afgreiðsla reikninga.
7. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
8. Lagabreytingar.
9. Aðrar tillögur sem eru til afgreiðslu á fundinum.
10. Kosning stjórnar skv. 7. gr.
11. Kosið í fastar nefndir skv. 9. gr. og fulltrúar á UMSK og SÍL þing.
12. Félagsgjald og önnur gjöld ákveðin.
13. Önnur mál.
14. Fundargerð (tekin afstaða til lestrar eða annarrar afgreiðslu).
15. Fundarslit.

Félagsgjöld 2018

Nú birtast bráðum félagsgjöldin fyrir árið 2018 í heimabanka. Greiðslurnar verða **valkvæðar**. Endilega muna að greiða sem fyrst.

Sumarið 2018

Sumarið 2017 gekk mjög vel og er ekki síður metnaðarfull dagskrá fyrirhuguð fyrir sumarið 2018. Strax að loknum aðalfundi verður hafist handa við mótun sumardagskrárinnar.

Með kveðju, Hannes Sveinbjörnsson, form.